



Alþingi  
Erindi nr. P 140/1418  
komudagur 6. 3. 2012

Alþingi  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Búðardal, 01. mars 2012  
1202004 SP

Efni: Samgönguáætlun 2011-2022

393. mál

Á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar þann 21. febrúar sl. var fjallað um samgönguáætlun 2011-2022. Eftirfarandi var bókað:

*Sveitarstjórn lýsir yfir óánægju með hve lítið fjármagn er til framkvæmda innan Dalabyggðar á tímabilinu. Hvatt er til þess að vegum um Skógarströnd, Laxárdalsheiði og um Klofningsveg verði bætt á áætlunina. Einnig verði gert átak í að breikka einbreiðar brýr á Vestfjarðavegi.*

Nefndarmenn eru hvattir til að kynna sér grein er birt var í Læknablaðinu 2012/98 þar sem kynnt er rannsókn Þórodds Þjarnasonar félagsfræðings og Sveins Arnarsonar félagsfræðinema um slys á hættulegustu vegum landsins.

Í skýrslunni kemur m.a. fram að vegur milli Stykkishólms og Búðardals um Skógarströnd sé í 5. – 6. sæti yfir hættulegustu vegarkafla landsins og í 2. sæti þegar horft er til fjölda slysa á hverja milljón ekna kílómetra á tímabilinu 2007 – 2010.

Þetta ættu að vera næg rök til að samgöngunefnd færi þennan veg inn á áætlun en að auki má nefna að ríki og sveitarfélög hafa fjárfest í uppbyggingu þjóðgarðs á Snæfellsnesi en segja má að aðeins sé ein fær leið að þjóðgarðinum. Betri vegur um Skógarströnd og síðan Laxárdalsheiði gjörbreyta samgögnnum milli landshluta og ætti að stuðla að betri nýtingu fjárfestinga í þjóðgarðinum.

Virðingarfyllt

SVEITARSTJÓRI  
Sveinn Pálsson  
DALABYGGÐAR  
Sveitarstjóri

